

## Framhaldsfræðsla samfélagslega mikilvæg



Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir mikilvægt að samfélagið taki þátt í framhaldsfræðslu og leggi til fjármagn.

„Fjölgun þeirra sem halda áfram námi að loknum grunnskóla hefur ekki fylgt fjölgun þeirra sem ljúka háskólanámi. Þannig hefur skapast ákveðið bil í menntakerfinu sem kallar á að komið sé til móts við þá sem hafa ekki haldið áfram námi að loknum grunnskóla með virku framboði á sviði framhaldsfræðslu,“ segir Katrín. Hún segir sterk samfélagsleg rök vera fyrir framhaldsfræðslu. „Í fyrsta lagi mannauðsrökin sem snúa að því að efla lífsgæði þeirra sem sækja sér aukna fræðslu og menntun; í öðru lagi lýðræðisrökin sem snúast um mikilvægi þess að ávallt sé unnið að því að endurnýja undirstöðupekkingu almennings; í þriðja lagi jafnræðisrökin sem skipta miklu máli vegna þess bils í menntakerfinu sem ég lýsti áðan og er mikilvægt að framhaldsfræðslan minnki það; í fjórða lagi almenn tæknirök sem snúast um að tryggja almennan tæknilegan grunn allra til að tryggja hreyfanleika fólks á vinnumarkaði,“ segir Katrín.

Katrín segir að með lögunum sé í raun verið að lögbinda þau framlög ríkisins sem verið á undanförunum árum og styrkja lagarammann í kringum það. „Ekki er gert ráð fyrir óvæntum útgjaldaauka fyrir utan það sem stjórnvöld hafa þegar samið um“.

## Ný lög um framhaldsfræðslu samþykkt á Alþingi

Ný lög um framhaldsfræðslu voru samþykkt á Alþingi sl. mánudag.

Frá árinu 1996 hafa engin gildandi lög um framhaldsfræðslu eða fullorðinsfræðslu verið í landinu og því má segja að þessari löggjöf sé ætlað að uppfylla ákveðið skarð í löggjöf um menntakerfið, þó að saga fullorðinsfræðslu hér á landi sé vissulega löng.

Lögunum er ætlað að styrkja formlegan grundvöll framhaldsfræðslu hér á landi og gera hana að fimmtu grunnstöð íslensks menntakerfis. Stuðla lögin þannig að vexti almenns menntunarstigis þar sem einstaklingar með stutta formlega skólagöngu afli sér frekari menntunar. Jafnframt marka lögin lokaáfganga í heildarendurskoðun á lagaumhverfi íslensks menntakerfis sem byggist á því að veita einstaklingum tækifæri til náms alla ævi. Þannig er horft á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla, til framhaldsfræðslu og til óformlegrar menntunar sem fer fram utan skólakerfisins. Á undanförunum árum hefur framhaldsfræðslu vaxið fiskur um hrygg og er hún nú margháttuð og umfangsmikil. Með lögunum er lagður grunnur að heildstæðu kerfi framhaldsfræðslu þar sem einstaklingum er veittur stuðningur óháð stéttarfélagsaðild.

### Meginmarkmið laganna eru eftirfarandi sbr. 2. gr.:

1. að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu.
2. að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti.
3. að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna.
4. að veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni.
5. að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis.
6. að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum.
7. að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

Skv. ákvæðum 10. gr. laganna skal starfræktur sérstakur fræðslusjóður sem skal stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri. Úthlutanir úr sjóðnum skulu í meginatriðum greinast í þrennt:

- Framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald,
- Framlög til að mæta kostnaði við náms- og starfsráðgjöf,
- Styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar átta manna stjórn Fræðslusjóðs til fjögurra ára í senn eftir tilnefningum frá aðilum vinnumarkaðarins ([ASÍ](#), [SA](#), [BSRB](#)), [Félags íslenskra framhaldsskóla](#), [félags- og tryggingamálaráðuneyti](#) og [fjármálaráðuneyti](#) og [Sambandi íslenskra sveitarfélaga](#) sem tilnefna sameiginlega. Formaður stjórnarinnar er skipaður án tilnefningar.

Við samningu frumvarps til þessara nýju laga var haft mikið og gott samstarf við [Alþýðusamband Íslands](#) og [Samtök atvinnulífsins](#) en þau hafa sákvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið staðið fyrir rekstri [Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins](#) sem nú mun víkka starfsemi sína út með aðild [BSRB](#) að miðstöðinni. Þannig munu fræðslumál opinberra starfsmanna færast inn undir hatt fræðslusjóðs og hefur náðst samkomulag um þetta milli opinberra starfsmanna, aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera.

Lög um framhaldsfræðslu öðlast gildi 1. október 2010. Við gildistöku þeirra falla úr gildi [lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992](#). Fram að gildistökkunni mun mennta- og menningarmálaráðuneytið hafa samráð við hagsmunaaðila um innleiðingu laganna og setningu ýmissa reglna á grundvelli þeirra.

